



LITLI SÁMUR

FRÉTTABRÉF HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

10. töl. – október 2017

Haustsýning HRFÍ 2017

Haustsýning HRFÍ var sérlega glæsileg og leggst það vel í félagsmenn að hafa sýningarnar þematengdar. Sýningarhelgin hófst í Reiðhöllinni í Víðidal með keppni ungra sýnenda föstudagskvöldið 15. september kl 17. Dómari var Patrick Oware og sigurvegarar í keppninni voru þau Maríus Þorri Ólason í yngri flokki og Vaka Víðisdóttir í eldri flokki. Eftir keppnina myndaðist Nordic Winner lið Íslands sem keppir á Nordic Winner í Helsinki, Finnlandi þann 9. desember næstkomandi. Liðið saman stendur af Berglindi Gunnarsdóttir, Elenu Mist Theodórsdóttir, Ingunni Birtu Ómarsdóttir og Vöku Víðisdóttir. Þjálfari liðsins er Auður Sif Sigurgeirsdóttir.

Hvolpasýning Royal Canin og HRFÍ fór fram föstudagskvöldið 15. september á sama stað. 5 erlendir dómarar dæmdu yfir 130 hvolpa af 38 tegundum og völdu bestu einstaklinga sinnar tegundar. Úrslit um bestu hvolpa sýningar tóku strax við eftir að dómum í tegundum lauk og voru fyrst hvolpar 3-6 mánaða. Þar stóð uppi sem sigurvegari Heimsljósa Tröll Skessa af tegundinni Griffon Bruxellois. Í eldri hvolpaflokki 6-9 mánaða var það Pom4you Double O' Seven af tegundinni Shih tzu sem bar sigur úr þítum.

Helgina 16.-17. september fór svo fram **Alþjóðleg hundasýning HRFÍ** sem einnig var **Crufts qualification 2018** sýning. En það þýðir að bestu hundar og ungliðar tegundar fá boð um að keppa á Crufts sem er ein stærsta hundasýning heims á ári hverju Hún er haldin í Birmingham, Bretlandi í mars á næsta ári og mæta þar þúsundir hunda og manna. Til okkar komu 6 dómarar til þess að meta og dæma hundana út frá gæðum en 655 hundar af 99 tegundum mættu til dóms og völdu dómarar þá hunda sem þeim þóttu vera bestu fulltrúa sinnar tegundar. Í lok dags á sunnudeginum fóru fram úrslit um besta hund sýningar þar sem þeir 9 hundar sem höfðu sigrað sína tegundarhópa mættu til leiks. Besti hundur sýningar var að þessu sinni C.I.E. ISShCh NLM RW-14-15-16-17 Red Hot Chili V. Tum-Tums Vriendjes.

Hundaræktarfélag Íslands stóð jafnframt fyrir augnskoðun í reiðhöllinni í Víðidal dagana 15.-17. september þar sem dýralæknirinn Susanne Mølgaard Kaarsholm skoðaði fjölda hunda og greindi hvort þeir hefur einhverja þekkta augnsjúkdóma en það þarf að gera í mörgum tengundum áður en má rækta undan hundunum.

Á döfinni:

Helgina 24.-26. nóvember mun félagið standa fyrir tvöföldum viðburði í Reiðhöllinni í Viðidal. Byrjað verður á hvolpasýningu HRFÍ og Royal Canin fyrir hvolpa á aldrinum 3.-9. mánaða á föstudagskvöldi og alþjóðlegri hundasýningu, laugardag og sunnudag. Einnig fer fram keppni ungra sýnenda á föstudagskvöldinu Síðasti skráningafrestur er föstudagurinn 27.október.

Augnskoðun HRFÍ fer fram dagana 9.-11.. nóvember. Jens Knudsen frá Danmörku mun koma og augnskoða fyrir félagið á skrifstofu félagsins í Síðumúla 15 í Reykjavík. Augnskoðað verður frá kl.10.00 -16.00 fimmtudag til laugardag. Tímapantanir í augnskoðun fara fram á skrifstofu HRFÍ eða í síma 588-5255. Gefa skal upp ættbókarnúmer hunds og ganga frá greiðslu um leið og hundur er skráður. Síðasti skráningardagur í augnskoðun er fimmtudagurinn 3.nóvember, eða fyrr ef allir tímar klárast og því biðjum við félagsmenn að vera tímalega að tryggja sér pláss.

Fréttir frá deildum:

Íþróttadeild

Hundafimimót og Bronspróf Næsta mót verður haldið laugardaginn 7.10. 2017, keppnin verður haldin í reiðhöll Andvara að Kjóavöllum keppni hefst kl 11:00 og er aðgangur ókeypis. Dómari mótsins er Ragnar Sigurjónsson Úrslit fyrri móta er að finna á heimasíðu deildarinnar hundafimi.is. Bronspróf verður einnig haldið á sama tíma en þar geta hundar sem ekki hafa lokið grunnnámskeiði öðlast þáttöku rétt í opnum tímum standist þeir prófið.

Opnir tímar

Opnir tímar deildarinnar eru haldnir á sunnudögum klukkan 17:300. Nánari upplýsingar er að finna á hundafimi.is Tímarnir eru haldnir í reiðhöll Andvara að Kjóavöllum og geta þeir hundar sem hafa lokið grunnnámskeiði eða staðist bronspurf mætt í þá tíma.

Námskeið

Námskeið í hundafimi eru haldin reglulega yfir veturinn og er skráning hafin næsta námskeiðið. Námskeiðið er opið öllum hundum eldri en 1 árs, blendingum eða hreinræktuðum og hvort sem þið eruð félagsmenn í Hrfí eða ekki. Tekið er á móti fyrirspurnum og skráningum á hundafimi@hotmail.com. Námskeiðið kostar 26.000 kr. skv. gjaldskrá HRFÍ. Upplýsingar sem þarf til að skrá á námskeið er = Nafn, kennitala, sími, netfang, nafn hunds, aldur og tegund. Einnig eru haldnir kynningartímar reglulega og má finna upplýsingar um þá á hundafimi.is og facebook síðu deildarinnar. Starfsmenn móta og nefndir

Íþróttadeild þiggur alla þá hjálp sem fæst og er ávallt að leita eftir starfsfólki á mótum deildarinnar. Kjörrið tækifæri að kynnast hundafiminni betur hafir þú áhuga á íþróttinni. Einnig stendur til að virkja nefndir tengdar öðrum hundaíþróttum og vantar okkur sjálfboðaliða í þau störf. Hafir þú áhuga að bjóða þig fram hafðu þá samband við deildina á hundafimi@hotmail.com

F.h. Íþróttadeildar Stefanía Björgvinsdóttir.

Retrierverdeild

Ennþá heldur dagskrá Retrierverdeildarinnar áfram en þann 9. september sl. fór fram veiðipróf deildarinnar á Blönduósi þar sem Kjartan Lorange var dómari, Sigurður Magnússon fulltrúi HRFÍ og Kári Heiðdal prófstjóri. Prófað var í öllum flokkum, í byrjunarflokki var bestur í flokki Altiquin Osprey með 1. einkunn, í opnum flokki Réttarholts Korpu Rex með 3. einkunn og í Urvalsflokki-B Kolkuós Prati með 2. einkunn. 30. september fór svo fram síðasta B-veiðipróf ársins, Sigurmon M. Hreinsson var dómari, Kjartan Lorange fulltrúi HRFÍ og Kristján Smáráson prófstjóri. Einungis var prófað í byrjunarflokki og varð Klettavíkur Dr. Kata best í flokki með 1. einkunn.



Á myndinni má sjá úrslit prófsins á Blönduósi, Elís Frímánn Elvarsson með Réttarholts Korpu Rex, Kjartan Lorange haldandi í Altiquin Osprey sem Sigurmon M. Hreinson er eigandi að en hann er á myndinni með Kolkuós Prata.

Haustsýning HRFÍ fór fram helgina 15.-17. september og að vanda var góð mæting hjá retrievereigendum, úrslit sýningarinnar voru: Labrador: BOB, Besti ungliði tegundar og BIG-3 Miðvalla Iðunn BOS og annar besti ungliði tegundar ISJCh Stekkjardals Good Days Of Summer Besti öldungur tegundar Uppáhalds Vetrarsól Askja Annar besti öldungur tegundar ISVetCh Leynigarðs Þorri Besti hvolpur tegundar 3-6 mánaða Stjörnusteins Hanna Líf Annar besti hvolpur tegundar 3-6 mánaða Stjörnusteins Coco Bestu hvolpur 6-9 mánaða Hrísnis Moli IIIII Annar besti hvolpur tegundar 6-9 mánaða Snædís Birta

Nova Scotia Duck Tolling Retriever: BOB, besti ungliði tegundar, besti ungliði sýningar og BIG-1 Heimsenda Riffill BOS Heimsenda Iða Annar besti ungliði tegundar Heimsenda Byssa

Golden Retriever: BOB Amazing Gold Freyja BOS og besti öldungur tegundar ISShCh Great North Golden Mount Beluka

Flat Coated retriever: BOB ISShCh RW-17 Flatham's Vajjen Dell Iceland Romeo BOS C.I.E. RW-15-17 ISShCh OB-I Bez-Ami's Always My Charming Tosca Besti ungliði tegundar Norðan-Heiða Stinningskaldi

Göngu-og skemmtinefnd heldur úti skemmtilegum viðburðum fyrir alla, hvolpasprell var haldið um miðjan ágúst við mikinn fögnuð og það sem halda átti í byrjun september var aflýst vegna slæms veðurs en annað sprell er á planinu á næstu vikum og hvetjum við hvolpaeigendur sem og ræktendur að fylgjast með þegar auglýst verður. Léleg mæting hefur verið í göngur nefndarinnar undanfarið og því hvetjum við félagsmenn til að taka við sér og vera með enda fátt skemmtilegra en að hitta hundafólk og ræða málin.

Stóruhundadagar Garðheima verða helgina 14.-15.október og verður deildin með bás þar sem var mannaður á met tíma.

Deildin heldur síðasta hlýðniþróf sitt á árinu þann 10. október, dómari verður Þórhildur Bjartmarz, prófstjóri Erla Heiðrún Benediktsdóttir og ritari Marta Sólveig Björnsdóttir. Prófið verður haldir á Hyundai-planinu í Garðabæ og verður nafnakall kl 18.30.

Meistarakeppnin verður haldið 14. október í Sólheimakoti, kept verður með hundana um daginn og um kvöldið verður gleðin við völd en þá verður matarveisla og stuð. Ekki þarf að taka þátt um daginn til að vera með um kvöldið þó hvetjum við alla að vera með í báðu. Skráningafrestur rennur út 10. október nk.